

Erindi: Sundnámskeið leikskólabarna

Undirrituð hafa verið með sundnámskeið fyrir leikskólabörn á hverju vori undanfarin ár og áratugi. Námskeiðið hefur verið vel sótt en venjulega taka öll leikskólabörn á Siglufirði þátt, sem á annað borð eru heima þegar það fer fram.

Námskeiðið fer fram fyrri part júnímánaðar 2022 (tvær vikur), hefst þriðjudaginn 07.júní og lýkur fimmtudaginn 16.júní (alls 8 námskeiðsdagar).

Undirritaðir óska eftir fríum aðgangi að sundlauginni á Siglufirði til að halda námskeiðið. Frír aðgangur að sundlauginn er grunnurinn í því að við getum haldið námskeiðsgjaldinu í lágmarki. Námskeiðshaldarar hafa ávalt fengið frían aðgang að sundlauginni.

Námskeiðið er fyrir þrjá elstu árganga leikskólans, þ.e. 2016-2018. Væntanlega verða þrír hópar (09:20-10:00, 10:00-10:40 og 10:40-11:20) en ef þátttaka verður mikil gætum við þurft að bæta við fjórða hópnunum (11:20-12:00). Námskeiðið hefur unnist í gríðarlega góðuri samvinnu með Leikskólanum á Siglufirði, þar sem starfsmenn þar hafa fylgt a.m.k. elsta árganginum til og frá leikskólanum í sundlauginu og stundum einnig næst elsta árganginum (foreldrar fylgja alltaf þeim yngstu). Þessu samstarfi má hrósa leikskólastarfsmönnum fyrir.

Foreldrar munu geta notað frístundaávisanir Sveitarfélagsins í gegnum Sportabler til að greiða námskeiðsgjaldið en námskeiðið er einn af fáum viðburðum í Sveitarfélaginu fyrir þennan aldurshóp og því mikilvægt að frístundaávisanir geti nýst fyrir námskeiðsgjaldið.

Námskeiðið er gríðarlega mikilvægur liður í þroska og vöxt barna og markmiðið með námskeiðinu er m.a. að iðkendur í skólahóp (elsta árgang leikskólans) séu sem best undirbúin fyrir sundkennslu í grunnskólanum að hausti til.

Virðingarfyllt,

Anna María Björnsdóttir íþróttakennari

María Jóhannsdóttir leiðbeinandi

Óskar Þórðarson íþróttakennari